

## Starfslýsing, fagstjóri

---

### Starf

Fagstjóri

### Næsti yfirmaður

Skólameistari

### Starfshlutfall

1 ½ klst. á viku á starfstíma skólans

### Tilgangur og markmið starfs

Fagstjóri hefur umsjón með námi í deildinni og stýrir samstarfi kennara í þeim tilgangi að samræma kennslu og námsmat. Hann fylgist með að kennsla og námsefni uppfylli kröfur íslenskra laga og reglugerða sem og námskrár þeirra brauta sem kenndar eru við skólann.

Fagstjóra ber að leggja kapp á að öll störf séu unnin af faglegum metnaði og á sem hagkvæmastan hátt. Honum ber að stuðla að góðu samstarfi við starfsfólk skólans og veita nemendum, starfsfólki og samstarfsaðilum þá þjónustu og aðstoð sem í starfinu felst.

### Helstu verkefni

- Er verkstjóri faghópa
- Sér um að kennarar í hans umsjón fundi reglulega og haldi fundagerðir
- Fundar einu sinni í mánuði með stjórnendum
- Vinnur að skólaþróun, m.a. samvinnu innan sinna greina og með öðrum fagstjórum, hvetur til lýðræðislegs sjálfsmats og þróunarverkefna
- Fylgist með námsmati/prófum í hans umsjón
- Sér um að verkferlum sé fylgt um skil á kennsluáætlunum, áfangalýsingum, bókalistum og upplýsingum um áfanga á vefnum
- Vinnur að kennsluskiptingu með stjórnendum
- Hefur á hendi verkstjórn með skýrsluskrifum greina í lok skólaárs
- Tekur á mótí nýjum kennurum, sýnir þeim aðstöðu og setur inn í starfið í samvinnu við stjórnendur

## Starfslýsing, fagstjóri

---

### Ábyrgð

Fagstjóri ber ábyrgð á að verkefni hans eða í hans umsjá verði framkvæmd og innan þess fjárhags- og tímaramma sem hefur verið áætlaður og samþykktur. Hann skal vinna verk sín af trúmennsku og í góðu samstarfi við samstarfsfólk. Hann skal sjá um að verkefni séu vel af hendi leyst, þau séu í samræmi við stefnu skólans, lög og reglugerðir ásamt öðrum reglum sem skólinn setur sér og starfsmönnum sínum.

### Menntun, reynsla og hæfni

Uppfylla kröfur um kennsluréttindi fyrir framhaldsskóla. Starfsfólk framhaldsskóla skal hafa hreint sakavottorð skv. 4. mgr. 8. gr. laga framhaldsskóla nr. 92/2008.

### Annað

Ráðið er til starfsins til tveggja ára og það auglýst innan skólans.

Fagstjóra er skylt að rækja starf sitt af alúð og samvirkusemi. Hann skal koma stundvíslega til starfa og gæta kurteisi, lipurðar og réttisýni í starfi sínu og forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu og utan þess sem honum er til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á starfið eða starfsgreinina, sbr. 14. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Skylt er fagstjóra að hlýða löglegum fyrirskipunum skólameistara um starf sitt, sbr. 15. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Áður en fagstjóri stofnar til atvinnurekstrar eða hyggst taka við starfi í þjónustu annars aðila samhliða starfi ber honum að skýra skólameistara frá því, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Fagstjóra er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi sbr. 20. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.